



## Fjölskyldan saman með börnin í fókus

Skilaboðin - **Fjölskyldan saman með börnin í fókus** undirstrika mikilvægi samverustunda fjölskyldunnar fyrir þroska og velferð barna. Ýmsar kannanir sýna að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum heldur en þau eiga kost á í dag. Sumarið er tími tækifæra fyrir fjölskylduna að verja meiri tíma saman og safna góðum minningum.

Markmið Saman-hópsins, sem Heimili og skóli er aðili að, er að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Með jákvæðum skilaboðum er athyglinni beint að ábyrgð foreldra á uppeldi barna sinna og hvatt til samveru og jákvæðra samskipta fjölskyldunnar.

Sjá [www.samanhopurinn.is](http://www.samanhopurinn.is)



Konan með strokkinn á Árbæjarsafni fær hér dygga aðstoð í sumarblíðunni.

Í sumar er SAMAN-hópurinn með eftirfarandi hvatningu til foreldra

- Vitum hvar börnin okkar eru og með hverjum
- Virðum útivistartímann
- Kaupum ekki áfengi fyrir yngri en 20 ára
- Setjum tímamörk á tölvunotkun
- Leyfum ekki eftirlitslaus partý eða útilegur



## Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit hlaut Menntaverðlaunin

Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit hlaut Menntaverðlaun forseta Íslands í flokki skóla í ár. Skólinn hefur um árabíl vakið athygli fyrir framsækni og farsælt skólustarf. Þar ríkir sú sýn að allir hafa hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur. Þessi einkunnarorð endurspeglast í væntingum starfsfólks til nemenda. Virðing þeirra fyrir nemendum kemur fram í því hvernig þeir ræða við þá og hlusta á sjónarmið þeirra. Skólaheit nemenda er: „Ég

kem í skólann til að læra og nýta hæfileika mína til fulls.“ Karl Frímannsson skólastjóri segir að það sé hlutverk foreldra í námi barna sinna að auka með börnum máttarkennd, það sé okkar hlutverk að temja börnunum þá hugsun að þau geti og kunni svo framarlega sem þau eru tilbúin til að leggja á sig það sem til þarf. Til þess að börn þroskist og læri sem best þurfa þau að búa við aðstæður sem hvetja og leiða til þess.

## Rúmlega 93% 10. bekkjara sótti um framhaldskólavist

Um 4.200 af 4.500 nemendum 10 bekkjar grunnskóla sóttu um skólavist í framhaldsskólum nú á haustönn. Vinsælustu skólarnir voru Verzlunarskóli Íslands, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn í Reykjavík og Kvennaskólinn. Í ár var í fysta sinn boðið upp á rafræna innritun og þótti það takast vel en ferlið auðveldar menntamálaráðuneytinu að fylgjast með eftirspurn eftir skólum, námsbrautum og auðvelda þeim jafnframt að rækja hlutverk sitt í að tryggja öllum nemendum skólavist.

## Gleðilegt sumar

Næsta tölublað Samstíga kemur út um miðjan ágúst en skrifstofa Heimilis og skóla verður lokuð í júlí.